

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997-2017, í landi Hvamms, Skorradalshreppi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. október 2003 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997-2017 frá 19. febrúar 1998.

Breytingin felst í því að svæði fyrir frístundabyggð við Skorradalsvatn stækkar um 18,5 ha og austan við það er gert ráð fyrir 2 ha íbúðarsvæði og 0,3 ha athafnasvæði. Svæði skilgreint fyrir skógrækt minnkar sem nemur framangreindri landnotkun. Einnig er gert ráð fyrir opnu svæði til sérstakra nota (fyrir siglingaaðstöðu) á tæplega 3,5 ha landi sem í gildandi svæðisskipulagi er skilgreint sem útivistarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Skorradalshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 7. október 2003.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*